

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 98/1976 um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, er verði 4. gr. VIII. og orðist svo:

VIII. Félagshjúkrun:

Eitt ár nám í félagshjúkrun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. hjúkrunarlags nr. 8/1974, sbr. lög nr. 32/1975, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 247.

21. maí 1981.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Sundhöll Ólafsvíkur

Einstakt skipti:

Fullorðnir	kr. 7.00
Börn	— 3.00
Forsölumiðar:	
Fullorðnir (10 miðar)	— 45.00
Börn (10 miðar)	— 15.00
Leiga á handklæðum og skýlum	— 5.00

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 256 16. apríl 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 248.

5. maí 1981.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvaramandi leyfa nr. 131/1971.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Ef sérstakar ástæður mæla með, er lögreglustjóra heimilt, að fenginni umsögn Eiturefnanefndar, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni eiturefna í hættuflokki A (sbr. 4. gr. reglugerða og notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).